

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 73/1999**

**frá 28. maí 1999**

**um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn**  
**um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/1999 frá 26. febrúar 1999<sup>(1)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1627/98 frá 20. júlí 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1629/98 frá 20. júlí 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2332/92 um freyðivín sem er framleitt í bandalaginu og reglugerð (EBE) nr. 4252/88 um gerð og markaðssetningu vínlíkjöra sem eru framleiddir innan bandalagsins<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/98 frá 15. október 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 881/98 um nákvæmar reglur um verndun hefðbundinna heita sem hafa bæst við og eru notuð á tilteknar tegundir gæðavíns sem eru framleiddar í tilgreindum héruðum (gæðavín fth)<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 268.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 279, 16.10.1998, bls. 4.

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **398 R 1627**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1627/98 frá 20. júlí 1998 (Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 8).“

*2. gr.*

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 19. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4252/88) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **398 R 1629**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1629/98 frá 20. júlí 1998 (Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 11).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2332/92) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **398 R 1629**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1629/98 frá 20. júlí 1998 (Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 11).“

*3. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 881/98) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 2215**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/98 frá 15. október 1998 (Stjtið. EB L 279, 16.10.1998, bls. 4).“

*4. gr.*

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1627/98, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1629/98 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2215/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. maí 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vík*

*E. Gerner*